

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 129 6. apríl 1992.

1. gr.

6 gr. orðist svo:

Vinningar í happdrættinu skiptast á milli tveggja raða, sbr. 5. gr., flokkaraðar og sjóðsraðar, nefnd DAS 80%.

Vinningar í flokkaröðinni skulu vera samanlagt að minnsta kosti 12.000 í tólf flokkum. Heildarverðmæti vinninga miðað við smásöluverð skal nema a.m.k. 40% af heildarsöluverði miða í öllum tólf flokkunum.

Til vinninga í sjóðsröðinni skal verja 80% af $\frac{1}{6}$ hluta af andvirði hvers selds miða í hverjum flokki. Sala í fjórum flokkum skal mynda sjóð sem varið er til vinninga sem dregið er um í 4., 8. og 12. flokki. Vinningar skulu tilgreindir, bifreiðir, íbúðir, ferðir eða húsbúnaður.

Stjórn happdrættisins ákveður vinningaskrá fyrirfram fyrir happdrættisárið að fengnu samþykki happdrættisráðsins. Fjöldi vinninga í flokkaröðinni skal vera tilgreindur í vinningaskrá svo og verðmæti þeirra. Vinningar í sjóðsröðinni og verðmæti þeirra skulu einnig tilgreindir í vinningaskrá en fjöldi vinninga skal aðeins tilgreindur í hærri vinningaflokkum en vinningafjöldi í lægsta vinningaflokki skal ákveðinn þegar fyrir liggur sala í þeim fjóru mánuðum sem mynda sjóð hverju sinni. Það sem umfram er af sjóðsupphæð eftir að fundin hefur verið tala vinninga í lægsta vinningaflokki skal renna í næsta sjóð. Það sem umfram er við drátt í 12. flokki rennur til happdrættisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 53 23. maí 1976 og lög nr. 24 26. mars 1987 um breytingu á þeim lögum öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. mars 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.